

Fundur 13. janúar 2005

### Endurrit fundargerðar byggingar-, skipulags- og hafnarnefndar Reykhólahrepps 13. janúar 2005

Ár 2005 þann 13. janúar kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir allir nefndarmenn auk sveitarstjóra er reit fundargerð. Skipulags- og byggingafulltrúi sat einnig fundinn. Fundurinn hófst kl. 10:05

#### Skipulagsmál

- a) Tillaga sveitarstjóra um breytingar á götuheitum á Reykhólum. Lagt er til að fasteignirnar nr. 11, 12 og 13 við Reykjabraut verði skráðar við Grettiströð. Grettiströð ofan Hellisbrautar skipti um nafn og heiti Skólabraut. Nýr botnlangi við væntanleg raðhús ofan Hellisbrautar fái nýtt nafn og verði kallaður Hólatröð, en samkv. nýju deiliskipulagi eru þessi hús sögð standa við Grettiströð.

Byggingarnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti.

#### Byggingamál

- a) Erindi frá Böðvari Jónssyni um að fá leyfi til þess að reisa gróðurhús í landi Skóga við Þorskafjörð.

Byggingarnefnd óskar eftir skipulagsupphætti sbr. 3.tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 73/1997 (skipulags- og byggingalög).

- b) Erindi frá Böðvari Jónssyni um að fá leyfi til þess að flytja sumarhús sitt (sem staðið hefur til bráðabirgða við Bjarkalund) á endanlegan stað, skv. deiliskipulagi Bjarkalundar.

Byggingafulltrúa falið að ganga frá málinu.

- c) Erindi frá Heimi Sigurðssyni í Reykjavík vegna höfnunar á skjólvegg við Skólahúsið í Flatey. Hann gerir athugasemd við afgreiðslu bygginganefndar 14. október. Heimur telur að synjun bygginganefndar sé á misskilningi byggð og rangri umfjöllun máls. Þess er farið á leit að höfnun á framlögðum lóðarfrágangi verði endurskoðuð og dregin til baka.

Byggingafulltrúa falið að kanna málið frekar og leggja það síðan að nýju fyrir næsta fund nefndarinnar.

Byggingafulltrúi yfirgaf nú fundinn.

*Bogi Kristinsson Magnúsen (sign)*

#### Hafnamál

- a) Ferjubryggjuaðstaða á Stað og í Skáleyjum, svar Siglingastofnunar.

Fyrir liggur að Siglingastofnun var búin að gera áætlun um flotbryggju og dýpkun bátahafnarinnar á Stað og var kostnaður áætlaður um 7,2 milljónir króna sbr. bréf stofnunarinnar dags. 17. nóvember 2003.

Í svari Siglingastofnunar er rætt um að fjárveiting til endurbóta á ferjubryggjuaðstöðu á Stað og í Skáleyjum fengist hugsanlega af ferjubryggjufé.

Nefndin telur eðlilegt að fyrst verði framkvæmdir við dokkina í Staðarhöfn kláraðar og síðan eða jafnhliða fari fram endurbætur á ferjubryggjuaðstöðunni á Stað og í Skáleyjum með þarfr ferðaþjónustu í huga.

- b) Ástand trébryggju í Reykhólahöfn, svar Siglingastofnunar (lagt fram til kynningar).
- c) Ástand ferjubryggju í Flatey á Breiðafirði, svar Siglingastofnunar (lagt fram til kynningar).
- d) Bréfaskipti Reykhólahrepps og Siglingastofnunar út af athugasemdum skoðunarmanns (lagt fram til kynningar)
- e) Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir, erindi frá Siglingastofnun (lagt fram til kynningar)
- f) Bláfáninn á Íslandi, erindi frá Landvernd (lagt fram til kynningar)
- g) Styrkveitingar til slysavarna í höfnum, erindi frá Siglingastofnun (lagt fram til kynningar). Sveitarstjóra falið að sækja um styrk á grundvelli bréfsins. Áætlaður kostnaður við endurbætur á slysavörnum í Reykhólahöfn og Staðarhöfn er kr. 900.000,- og skv. bréfinu styrkir Siglingastofnun þessar framkvæmdir um 60%.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:25

*Pórður Jónsson (sign)*

*Gústaf Jökull Ólafsson (sign)*

*Sveinn Ragnarsson (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*